

# HLUTHAFAFUNDUR

## Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.

Fundurinn var haldinn í fjármálaráðuneytinu við Arnarhvol, þann 10. mars 2014 og hófst kl. 9:00. Fyrir hönd hluthafa mætti Þórhallur Arason skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneyti. Jafnframt mætti á fundinn Kjartan Eiríksson framkvæmdastjóri Kadeco.

Til þessa hluthafafundar var boðað með tilkynningu í samræmi við 12. gr. samþykktu félagsins. Hluthafafundur þessi telst lögmætur.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál:

1. Endurskoðun samþykktu – fjöldi stjórnarmanna
2. Kjör stjórnarmanna og varamanns

Þá var gengið til dagskrár.

### **1. Endurskoðun samþykktu – fjöldi stjórnarmanna**

Lögð voru fram drög að breyttum samþykktum félagsins. Lagðar eru til svohljóðandi breytingar á 16. gr. samþykktu félagsins:

*16. gr.*

*Stjórn félagsins skal skipuð 3-5 mönnum 1-2 til vara. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.*

Drög að breyttum samþykktum voru samþykkt.

### **2. Kjör stjórnarmanna og varamanns**

Eftirtaldir aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins:

Sigurður Kári Kristjánsson, kt. 090573-3149, Melhaga 16, 107 Reykjavík,  
Árni Sigfússon kt. 300756-5309, Kópubraut 34, 260 Reykjanesbæ,  
Fjóla Hrund Björnsdóttir, kt. 150588-2789, Þrúðvangi 7, 850 Hellu.

Til vara var kjörin:

Sigrún Árnadóttir, kt. 271060-7269, Miðnestorgi 3, 245 Sandgerði

Engin önnur mál voru tekin fyrir. Fundi var slitið kl. 10:00.

Fundagerð ritaði Kjartan Eiríksson.